

# Samþykkt fyrir öldungaráð Grindavíkurbæjar

## 1. gr. Samráðsvettvangur

Öldungaráð er samráðsvettvangur um þjónustu við aldraða og þróun öldrunarmála innan sveitarfélagsins.

Á vettvangi öldungaráðs fer fram samráð um almenna stefnumótun og áætlanagerð sveitarfélagsins í málum sem varða íbúa sem eru 67 ára og eldri.

## 2. gr. Verkefni öldungaráðs

Öldungaráð Grindavíkurbæjar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráð fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Öldungaráð starfar í umboði bæjarstjórnar og skal vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum sveitarfélagsins til ráðgjafar um málefni og hagsmuni bæjarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi sveitarfélagsins við hagsmunasamtök eldri borgara, móta stefnu og gera tillögur sem varða verksvið þess.

Öldungaráð er vettvangur samráðs bæjarbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins.

Öldungaráð fylgjst með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra, samhæfir þjónustu og er ráðgefandi fyrir starfsemi Grindavíkurbæjar í málaflokknum. Þá stuðlar öldungaráð að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu sviða til bæjarbúa sem eru 67 ára og eldri.

Öldungaráð fær til umsagnar málefni sem varða stefnumótun og þjónustu við eldri borgara.

Öldungaráð getur komið með tillögur til bæjarstjórnar um fyrirkomulag öldrunarþjónustu, þ.m.t. skipulag hennar.

Öldungaráð getur jafnframt sent erindi til yfirstjórnar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja um fyrirkomulag þjónustunnar, þ.m.t. skipulag hennar.

## 3. gr. Samþykktar reglur og stefnur

Öldungaráð starfar í samræmi við stefnumörkun og almennar samþykktir Grindavíkurbæjar.

## 4. gr. Um skipan öldungaráðs

Öldungaráð er skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í öldungaráð til fjögurra ára og þrjá til vara.

Félag eldri borgara í Grindavík skal skipa þrjá fulltrúa og þrjá til vara.

Einn fulltrúi skal skipaður af Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og einn til vara.

Bæjarstjórn kýs formann öldungaráðs en ráðið kýs varaformann, ritara og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Þeir sem skipa í ráðið skulu hver um sig gæta kynjajafnréttis.

#### *5. gr. Verkaskipting, fundarskipulag, fundarritun o.fl.*

Grindavíkurbær sér öldungaráði fyrir fundaraðstöðu.

Fundargerðir öldungaráðs skulu lagðar fram til kynningar í bæjarstjórn.

Öldungaráð skal að jafnaði halda sex fundi árlega. Bæjarstjórn skal halda árlegan fund með öldungaráði.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins.

Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði ásamt fundargögnum. Rafræn boðun funda og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í öldungaráði þótt það sé ekki tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Fundir skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Um fundarsköp að öðru leyti fer eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Grindavíkurbæjar eftir því sem við á.

Fulltrúar tilnefndir af bæjarstjórn og félagi eldri borgara skulu fá greidda þóknun fyrir fundarsetu til samræmis aðrar nefndir sveitarfélagsins.

#### *6. gr. Lagastoð og samþykki*

Samþykkt þessi er sett með stoð í 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga sbr. 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Samþykkt þessi öðlast gildi með samþykki bæjarstjórnar.

Samþykktina skal endurskoða fyrir árslok 2020 og síðan í upphafi hvers kjörtímabils.